

Vefrit fjármálaráðuneytisins

11. janúar 2007

Fleiri íslensk fyrirtæki gera upp í dölum en evrum

Samkvæmt lögum sem sett voru á árinu 2002 geta fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Þau fyrirtæki sem hér helst um ræðir eru félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslenska krónan, félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum þar sem svo háttar til að meginviðskiptin eru við þessi félög og félög sem eru með meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Miðað er við að heimild sé veitt til reikningsskila í þeim erlenda gjaldmiðli sem mestu skiptir í viðskiptum fyrirtækisins.

Helstu rök sem lágu að baki ákvörðunum um að fyrirtæki gætu fengið heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðli voru þessi:

- Fjárhagslegur samburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari
- Sveiflur í afkomu félagsins vegna gengisbreytinga verða minni
- Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna
- Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi
- Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

Í lok síðasta árs hafði 167 fyrirtækjum verið veitt heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðli. Í umræðum um þessi mál að undanförunu hefur virst gæta þess misskilnings að einvörðungu sé leitað eftir heimild til að gera upp í evrum. Því fer víðs fjarri. Meirihluti þeirra fyrirtækja sem fengið hafa heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðli, eða 98 af 167, hefur fengið heimild til að gera upp í bandaríkjadöllum. Skiptingin að öðru leyti er sú að 51 fyrirtæki hefur fengið heimild til reikningsskila í evrum, 9 í breskum pundum, 3 í dönskum krónum, 2 í norskum krónum, 2 í japönskum jennum, 1 í sænskum krónum og 1 í kanadadöllum.

Skattstofnar fyrirtækja sem gera upp í erlendum gjaldmiðli eru eftir sem áður ákvarðaðir í íslenskum krónum með umreikningi tekna og gjalda, eigna, skulda og eigin fjár í íslenskar krónur.

Samþykkt lög á haustþingi

Á síðastliðnu haustþingi Alþingis lagði fjármálaráðherra fram 16 frumvörp til laga. Af þeim frumvörpum voru 13 afgreidd sem lög frá Alþingi fyrir lok haustþings. Þau lög sem samþykkt voru eru eftirfarandi:

Fjárukalög 2006

Fjárlög 2007

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt (afturvirk hækkun á eignaviðmiðum vaxtabóta)

Lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og vörugjald (lækkun matarskatts o.fl.)

Lög um breytingu á lögum um ársreikninga (varðandi vanskil á ársreikningi)

Lög um breytingu á lögum um lífeyrissjóði (hækkun lágmarksiðgjalds úr 10% í 12% o.fl.)

Lög um breytingu á lögum um olíugjald (breyting á refsíákvæðum og framlenging tímabundinnar lækkunar olíugjalds)

Lög um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna (framlenging umsýslugjalds)

Lög um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (varðandi eign lífeyrissjóða í óskráðum ríkisskuldabréfum)

Lög um breytingu á lögum um tryggingagjald (lækkun tryggingagjalds og jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða)

Lög um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. (framlenging tímabundinnar lækkunar vörugjalds af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn í stað bensins eða dísilolíu)

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt (lækkun tekjuskatts, hækkun persónuafsláttar o.fl.)


Lög um breytingu á tollalögum (varðandi innflutning á ökutækjum með erlend skráningarnúmer o.fl.)

Á komandi vorþingi mun þingleg meðferð þeirra þriggja frumvarpa sem ekki urðu að lögum á haustþingi halda áfram. Um er að ræða frumvarp til laga um opinber innkaup (ný heildarlög vegna innleiðingar EES gerða), frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs (gjald fyrir leyfi til grafískra hönnuða) og frumvarp til loka-fjárlaga 2005. Fyrri tveimur frumvörpunum hefur verið vísað til efnahags- og viðskiptanefndar en hið þriðja biður fyrstu umræðu.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis vegna framkvæmdar laga um málefni fatlaðra

Á árinu 1998 námu útgjöld félagsmálaráðuneytis vegna framkvæmdar laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra 3.023 m.kr. á verðlagi þess árs. Í fjárlögum árið 2007 eru sömu útgjöld 8.282 m.kr. Það er 174% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur tæpum 12%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 47% eða 4,4% á ári að meðaltali. Vísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkunir á opinberri þjónustu, hefur hins vegar hækkað um 68% eða tæp 6% á ári að meðaltali. Á myndinni er þróun útgjalda félagsmálaráðuneytis vegna málefna fatlaðra samkvæmt reikningi sýnd á verðlagi hvers árs fyrir árin 1998 til 2005. Fyrir árið 2006 eru útgjöld miðuð við fjárlög og fjárukalög og fjárlög vegna ársins 2007. Í tímabilinu var m.a. unnið í samræmi við áætlun nefndar er lagði til styttingu biðlista eftir þjónustu við fatlaða en því átaki lauk á árinu 2005. Með lögum nr. 133/2005 var ákveðið að ráðstafa 1.000 milljónum króna af söluandvirði Landssíma Íslands hf. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Markmið átaksins er að á árunum 2006-2010 verði í áföngum dregið svo úr biðtíma eftir búsetu- og þjónustuúrræðum fyrir geðfatlað fólk utan hefðbundinna geðheilbrigðisstofnana að hann verði viðunandi í lok tímabilsins.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis 1998-2007 vegna framkvæmdar laga um málefni fatlaðra



Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006	12 mánaða breyting (%)	2005	2006	Milljónir króna	2005	2006	12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9	Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2	Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031	Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1	Heilbrigðismál	5,5	8,3	Hreinn lánsfjárfjöfnuður	70.420	49.893	Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Eignarskattar	31,6	-42,6	Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8	Afborgun lána	-61.597	-44.583	Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9	Efnahags- og atvinnamál	-2,5	2,5	Brúttó lánsfjárfjöfnuður	3.691	1.661	Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Tryggingagjöld	16,4	16,1	Menntamál	14,7	12,1	Lántökur	7.734	21.587	Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Tekjur alls	45,6	-6,2	Gjöld alls	8,9	1,8	Greiðsluafkoma	11.425	23.248	Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1